Nr. 15.
25.
apríl.

# Auglýsing,

um

það, að allir seðlar, sem útgefnir eru af þjóðbankanum og ganga manna á milli, og sem miðaðir eru við 100 ríkisbánkadali, 100 ríkisdali, 50 ríkisbánkadali, 50 ríkisdalí, 20 ríkisbánkadali, 10 ríkisdali og 5 ríkisdali, skuli innkallaðir,

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því allir af þjóðbánkanum í aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn útgefnir seðlar, sem ganga manna á milli, og miðaðir eru við ríkismynt, samkvæmt peningalögunum 23. maí 1873, 21. gr. og Vorri konunglegu tilskipun, 17. f. m. eigi skulu vera gjaldgengir frá 1. oktbr. þ. á., að þeim degi með töldum, hvorki í gjöldum til ríkissjóðsins nje manna á milli, er það hjermeð Vor allrahæsti vilji, að þeir, sem í höndum hafa seðla, sem gefnir eru út af þjóðbánkanum, og sem miðaðir eru við 100 ríkisbánkadali, 100 ríkisdali, 50 ríkisbánkadali, 50 ríkisdali, 20 ríkisbánkadali, 10 ríkisdali og 5 ríkisdali, skuli gefa sig fram við þjóðbánkann í Kaupmannahöfn eða undirdeildir hans innan árs loka 1876, til þess að fá þar skipti á fyrnefndum ríkisbánkaseðlum og ríkisdalaseðlum, en þeir seðlar af nefndum tegundum, er þeir, sem í höndum hafa, eigi koma fram með innan þess tíma, sem sagt er fyrir um, skulu án frekari innköllunar vera ógildir og til einkis nýtir, svo að eingin krafa verði upp frá því á þeim byggð. Að öðru leyti skal þessi konunglega auglýsing Vor prentuð þrisvar sinnum samfleytt í frjetta- og auglýsinga blaði Berlinga, og til frekari leiðbeiningar öllum hlutaðeigendum, sem til sveita búa, birt á kirkjufundum á þann hátt, sem sagt er fyrir um í tilsk. 8. oktbr. 1824, 1. gr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 25. dag áprílm. 1876.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

---

Nr. 15. Augl. 25. apríl, um að kallaðir skulu inn þjóðbánkaseðlar.
26. dag maím. 1876.

# Bekjendtgjørelse

Nr. 15.
25.
April.

angaaende

## Indkaldelse af samtlige i Omløb værende af Nationalbanken udstedte Sedler paa 100 Rigsbankdaler, 100 Rigsdaler, 50 Rigsbankdaler, 50 Rigsdaler, 20 Rigsbankdaler, 10 Rigsdaler og 5 Rigsdaler.

---

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: At da i Henhold til Møntloven af 23de Mai 1873 § 21 og Vor allerhøieste Anordning af 17de f. M. fra og med den 1ste Oktober d. A. samtlige i Omløb værende af Nationalbanken i Vor Residentsstad Kjøbenhavn udstedte paa Rigsmønt lydende Sedler ophøre at være lovligt Betalingsmiddel saavel til Statskassen som mellem Mand og Mand, saa er det hermed Vor allerhøieste Villie, at Ihændehaverne af de i Nationalbanken udstedte Sedler paa 100 Rigsbankdaler, 100 Rigsdaler, 50 Rigsbankdaler, 50 Rigsdaler, 20 Rigsbankdaler, 10 Rigsdaler og 5 Rigsdaler inden Udgangen af Aaret 1876 skulle melde sig hos Nationalbanken i Kjøbenhavn eller dens Filialer for der at erholde fornævnte Rigsbanksedler og Rigsdalersedler ombyttede, da de Sedler af berørte Slags, hvormed Ihændehaverne ikke melde sig inden den foreskrevne Tid, uden videre Indkaldelse skulle være døde og magtesløse og uden Kraft og Gyldighed til derefter at kunne gjøre nogen Fordring. Iøvrigt bliver denne Vor allerhøieste Bekjendtgjørelse at indføre trende Gange efter hinanden i den Berlingske politiske og Avertissementstidende og til yderligere Efterretning for alle Vedkommende paa Landet at læse til Kirkestævne paa den i Forordning af 8de Oktober 1824 § 1 foreskrevne Maade.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet i Vor Kongelige Residentsstad Kjøbenhavn, den 25de April 1876.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

---